

**AÐALFUNDUR STÉTTARFÉLAGS BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐINGA
HALDINN FIMMTUDAGINN 19. MARS 2009 11:30 AÐ BORGARTÚNI 6**

MÆTTIR:

Frá stjórn: Kristín Ósk Hlynsdóttir, Óskar Guðjónsson, Gríma Eik Káradóttir og Árný Sveina Þórólfsdóttir (fundarritari).

Aðrir félagsmenn: 10 alls.

Frá Huggarði: Halldór K. Valdimarsson, framkvæmdastjóri.

DAGSSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Lagabreytingar
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld
5. Kosning stjórnar sbr. 5. gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins
8. Önnur mál.

Kristín Ósk Hlynsdóttir, formaður SBU, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hún lagði til að Halldór K. Valdimarsson yrði fundarstjóri og Árný Þórólfsdóttir fundarritari og samþykkti fundurinn það. Halldór kynnti hefti með öllum gögnum fundarins fyrir fundargestum. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Kristín Ósk kynnti skýrslu stjórnar. Í henni var rakin starfsemi stjórnar á starfsárinu. Alls voru haldnir 16 stjórnarfundir en að auki sátu formaður og varaformaður fjölda annarra funda tengdum Huggarðssamstarfinu, BHM og samningaviðræðum. Í skýrslunni kom m.a. fram að reiknimódel framlags félaganna til Huggarðs hefur verið endurskoðað en það var mjög íþyngjandi fyrir SBU vegna lægri meðallauna félagsmanna heldur en annarra Huggarðsfélaga. Í kjölfar endurskoðunar fékk SBU 300.000 kr. endurgreiddar.

Umræður um skýrslu stjórnar: Spurt var um hvaða félög væru hugsanlega að koma inn í Huggarðssamstarfið en í skýrslunni segir að í skoðun sé að fjölga stéttarfélögum innan Huggarðs. Halldór sagði að ekki væri hægt að upplýsa það því að það væri á viðkvæmu stigi, en þau félög sem til greina kæmu þyrftu að vera lítil og samlagast vel hinum Huggarðshópunum. Einnig kom fram fyrirspurn um samstarfssamning Huggarðsfélaganna en í skýrslunni segir að hann sé orðinn úreltur og verði endurnýjaður á árinu. Kristín Ósk svaraði því til að samningurinn væri gamall og það væru atriði í honum sem þyrfti að endurskoða.

Skýrsla stjórnar var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Kristín Ósk sýndi glærur yfir kynjaskiptingu innan SBU en skiptingin er 236 konur og 23 karlar. Einnig glærur yfir féлага eftir búsetu og starfsvettvangi. Flestir félagar SBU starfa hjá ríkinu eða

107 talsins, starfsmenn sveitarfélaga eru 83, hjá Reykjavíkurborg eru 33 og á almennum markaði 36. Sýnd var glæra yfir trúnaðarmenn utan höfuðborgarsvæðisins en hjá SBU eru þeir 6 talsins. Sýnd var glæra yfir virka og fullgilda félagsmenn Huggarðs eftir stéttarfélögum og búsetu í janúar 2009 og síðan glæra með súluriti yfir virka félagsmenn í Huggarði. Engar umræður urðu um glæsur.

2. Reikningar félagsins

Halldór kynnti reikninga félagsins þar sem Huggarðsskrifstofan sér um alla umsýslu fjármuna félagsins.

Ársreikningur SBU: Hagnaður ársins er 849.650 kr. Félagsgjöld hækka, að hluta til vegna launahækkana. Launakostnaður eykst vegna samningaárs og mikilla fundahalda vegna framkvæmdastjórnarskipta í Huggarði. Huggarður ákvað að endurgreiða félögum 2.5 milljónir vegna ofrukkunar og fékk SBU 528.751 kr. af þeirri upphæð. Sú upphæð kemur ekki fram í reikningum félagsins fyrir starfsárið þar sem formleg ákvörðun um endurgreiðslu þarf að fara í gegnum alla aðalfundi félaganna.

Ársreikningur Vísindasjóðs: Tap er á sjóðnum sem skýrist af því að iðgjöld eru útistandandi fyrir desembermánuð vegna þess að úthlutunarárið stemmir ekki við rekstrarárið. Og tapið skýrist enn fremur af því að uppgjör ríkisins vegna samninga barst ekki inn á reikning félagsins heldur í ávísun eftir áramót og náði ekki inn á rekstrarreikning fyrir árið 2008.

Ársreikningur Kjaradeilusjóðs: Sjóðurinn stendur í 14.684.571. kr.

Umræður um reikninga: Fundargestur lýsti yfir undrun með góða ávöxtun á erfiðum tímum. Halldór sagði að Huggarður væri með góða samninga við SPRON og notaði hagstæðustu reikninga án áhættu sem SPRON býði hverju sinni. Spurt var að því hvort BHM félögin hefði tapað fjármunum í kreppunni? Halldór hélt það en Huggarðsfélögin hefðu þó ekki tapað neinu.

Ársreikningar voru bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

3. Lagabreytingar

Kristín Ósk las upp tillögu um breytingu á 3. gr. um aðild í lögum félagsins.

Í lögum félagsins segir nú í 3.gr.

“Félagar geta orðið:

Allir launþegar sem lokið hafa 90 eininga háskólaprófi, með a.m.k. 60 einingum í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærilegu prófi. Einnig þeir sem hafa meistaragráðu í bókasafns- og upplýsingafræði ofan á aðra háskólagráðu.”

Lagt er til að greinin hljóði svo eftir breytingu:

“Félagar geti orðið:

- 1. Allir launþegar sem lokið hafa 180 eininga (ECTS) háskólaprófi, með a.m.k. 120 einingar í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærilegu prófi.*
- 2. Þeir sem hafa meistaragráðu í bókasafns- og upplýsingafræði ofan á aðra háskólagráðu.*

3. *Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði, sem lokið hafa a.m.k. tveimur árum námsins, geta sótt um nemaaðild. Nemaaðild veitir heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt, en ekki önnur réttindi. Nemar greiða ekki gjöld til félagsins meðan þeir eru í námi nema þeir þiggi laun á tímabilinu. Nemaaðild getur aldrei varað lengur en í samtals fjögur ár.*

Umræður um tillöguna: Fundargestir ræddu um hvort einingafjöldi eða námsár væru betra skilgreiningaratriði í tillögunni. Tilgangurinn með því að bjóða upp á nemaaðild er að gera félagið að fyrsta valkosti þegar nemarnir koma út á vinnumarkað. Spurt var um hvort nægilegt væri að kynna félagið í vísindaferðum nema? Í síðustu vísindaferð nema til SBU kom fram mikill áhugi nemanna á félagsaðild sem er hvati að tillögunni um lagabreytingar. Í framhaldi af umræðum fundargesta var ákveðið að gera breytingatillögu sem fólst í því að í 3. lið greinarinnar yrði nemaaðild miðuð við 60 einingar (ECTS) í staðinn fyrir 2 ár.

3. liður hljóðar þá svo í breytingatillögunni:

“Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði, sem lokið hafa a.m.k. 60 einingum (ECTS) í bókasafns- og upplýsingafræði, geta sótt um nemaaðild. Nemaaðild veitir heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt, en ekki önnur réttindi. Nemar greiða ekki gjöld til félagsins meðan þeir eru í námi nema þeir þiggi laun á tímabilinu. Nemaaðild getur aldrei varað lengur en í samtals fjögur ár.”

Breytingatillagan var borin upp til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillagan að lagabreytingum 3. greinar í heild var borin upp til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kristín kynnti tillögu að breytingum á lögum á 5. gr. um stjórn félagsins.

Í lögum félagsins segir nú:

“Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum; formanni, varaformanni, ritara gjaldkera og meðstjórnanda sem kosnir skulu á aðalfundi. Auk þess skal kjósa einn varamann. Formann skal kjósa sérstaklega. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Annað árið skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið tvo stjórnarmenn og varamann. Endurkjör er heimilt en enginn skal þó sitja lengur í stjórn en 3 kjörtímabil samfellt”.

Grein þessi hljóði svo eftir breytingu:

“Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum; formanni, varaformanni, ritara gjaldkera og meðstjórnanda sem kosnir skulu á aðalfundi. Auk þess skal kjósa einn varamann. Formann skal kjósa sérstaklega. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum.

Formaður og varaformaður félagsins sitja í miðstjórn Bandalags háskólamanna – BHM.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Annað árið skal kjósa formann og tvo stjórnarmenn en hitt árið tvo stjórnarmenn og varamann. Endurkjör er heimilt en enginn skal þó sitja lengur í stjórn en 3 kjörtímabil samfellt”.

Rökstuðningur breytingatillögunnar er sá að með þessu geta formaður og varaformaður deilt með sér störfum í miðstjórn BHM og báðir sótt fundi. Þetta fyrirkomulag léttir álagi af formanninum sem hingað til hefur einn þurft að sækja alla fundi miðstjórnar.

Tillagan að lagabreytingum á 5. grein borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld

Halldór kynnti fjárhagsáætlun. Reiknað er með heildarhagnaði upp á 1.161.808 kr. í fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Ekki er reiknað með breytingum á félagsgjöldum. Lækkun er á rekstrargjöldum. Mestu munar um lækkun á greiðslum til BHM og lækkun á framlögum til þjónustuskrifstofu. Dregið verður saman í rekstrarkostnaði þjónustuskrifstofu um a.m.k. 5%. Litlar breytingar aðrar eru áætlaðar í fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Engar breytingatillögur komu um félagsgjöld. Þau eru nú 1% af dagvinnulaunum.

5. Kosning stjórnar sbr. 5. gr.

Kristín Ósk Hlynsdóttir vék sem formaður vegna persónulegra ástæðna en gaf kost á sér áfram í stjórn. Óskar Guðjónsson gaf kost á sér til formanns. Þar sem ekkert mótframboð kom var hann sjálfkjörinn.

Árný Sveina Þórólfsdóttir og Gríma Eik Káradóttir gengu úr stjórn og einnig þurfti að kjósa nýjan stjórnarmann í stað Óskars.

Í framboði voru: Kristín Ósk Hlynsdóttir, Sigrún Guðnadóttir og Sveinn Ólafsson.

Ekkert mótframboð kom þannig að þau voru sjálfkjörin.

Kjósa þurfti einn varamann vegna þess að Ingveldur Hafdís Karlsdóttir varamaður kom inn í stjórn í upphafi starfsársins þegar Þórunn E. Sighvatsdóttir vék úr stjórn.

Bára Stefánsdóttir bauð sig fram sem varamann, ekkert mótframboð kom og hún var sjálfkjörin.

Í stjórn SBU sitja þá:

Óskar Guðjónsson formaður, Kristín Ósk Hlynsdóttir, Ingveldur Hafdís Karlsdóttir, Sigrún Guðnadóttir og Sveinn Ólafsson. Varamaður er Bára Stefánsdóttir.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Núverandi skoðunarmenn reikninga, María Frímannsdóttir og Ása Þórðardóttir, gáfu kost á sér áfram og voru sjálfkjörnar.

7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins

Skv. lögum félagsins þarf að kjósa 3ja manna stjórnir fyrir bæði Kjaradeilusjóð og Vísindasjóð. Því var vísað til stjórnar að skipa í stjórnir sjóðanna. Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Atkvæðagreiðsla að ákvörðun félagsfundar 28. janúar 2009, þar sem kosið verður milli eftirfarandi kosta:

1. Að skjóta hugmyndinni um sameiningu við Fræðagarð á frest um óákveðinn tíma.
2. Að setja í gang rafræna atkvæðagreiðslu um hvort fara eigi í aðildarviðræður við Fræðagarð án skuldbindinga.

Umræða: Spurt var hvort mikið mál væri að kjósa rafrænt. Halldór sagði að rafræn kosning væri einföld og ekki mikill kostnaður sem fylgdi henni. Fundargestir töldu að best væri að setja í gang atkvæðagreiðslu til að vita hug félagsmanna.

Fundargestir kusu á milli kosta 1 og 2 og fékk kostur 2 öll greidd atkvæði. Aðalfundur ákvarðar því að sett verði í gang rafræn atkvæðagreiðsla um hvort fara eigi í aðildarviðræður við Fræðagarð án skuldbindinga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00